

Reykjavík, 27. mars 2002

Til nefndasviðs Alþingis
b/t Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 6. mars 2002 var sent til Landspítala- háskólasjúkrahúss með ákvæðum um að bærast til lækna ráðs LSH til umsagnar þrjú frumvörp til laga. Óskað var eftir að svar bærast eigi síðar en 15. mars sl. til nefndasviðs Alþingis, en beðið var um framlengingu frests og lagafrumvörpin afgreidd til umsagnar eins fljótt og hratt og kostur var.

Stjórn lækna ráðs LSH hefur lesið frumvörp þessi yfir, en taldi rétt að Vísindaráð LSH fengi frumvörpin til umfjöllunar. Vísindaráð LSH hefur skilað stjórn lækna ráðs LSH niðurstöðu sinni og gerir lækna ráð LSH niðurstöðu Vísindaráðs LSH að sinni og sendir hér með.

Vísindaráð LSH hefur fengið til umfjöllunar frumvörp til laga:

- 1) Um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins (þskj. 868 – 553. mál).
- 2) Um Vísinda- og tækniráð (þskj. 844 – 539. mál).
- 3) Um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (þskj. 857 – 549. mál).

Tíminn til umfjöllunar þessara veigamiklu mála var reyndar mjög naumur en við fyrstu sýn vill Vísindaráð LSH koma á framfæri eftirfarandi;

Það er fagnaðarefni að komin séu fram frumvörp á þessu sviði sem undirstrikar mikilvægi málaflokksins og jafnframt það hve víða vísindarannsóknir og vísindamenntun ásamt tækniþróun koma að í íslensku samfélagi. Það lýsir jafnframt metnaði stjórnvalda að ætlunin sé að æðstu stjórnendur þjóðarinnar leiði væntanlegt Vísinda- og tækniráð og ber að fagna því.

Það er þó umhugsunarefni að þessi þrjú frumvörp mynda tæpast saman eina heild. Vísindaráð LSH vill sérstaklega vekja athygli á hversu þáttur heilbrigðisgeirans er smár í sniðum þegar frumvörpin eru lesin. Þannig vitum við að um þriðjungur af úthlutunarfé Rannís hefur farið til rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda. Einnig hafa heilbrigðisvísindi á Íslandi náð umtalsverðum árangri á alþjóðlega vísu á síðustu árum, bæði með aðkomu erlendra aðila og einnig með uppbyggingu heilbrigðistækni, og má þar nefna fyrirtæki eins og Össur, Flögu, Íslenska erfðagreiningu, Urði, Verðandi, Skuld o.fl. Það vekur því furðu að heilbrigðisráðherra skuli ekki sitja með öðrum ráðherrum í stjórn Vísinda- og tækniráðsins.

Vísindaráð LSH vill því að Landspítali – háskólasjúkrahús geri það að tillögu sinni að heilbrigðisráðherra eigi sæti í Vísinda- og tækniráði. Þriðju grein frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð verði því breytt í samræmi við það.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 560 2050 • fax: 560 1957 • netfang:


laknarad@landspitali.is

Vísindaráð vill einnig vekja athygli á því að það fyrirkomulag við mat á umsóknum sem byggt hefur verið upp undanfarin ár af Rannís hefur verið vel gegnsætt og á því hefur verið gott traust þar sem það tryggir eins og kostur er vönduð vinnubrögð á úthlutun úr sjóðnum. Þetta hefur byggst á mati fagraða og síðan á úthlutun samkvæmt mati sérstakrar úthlutunarnefndar sem valin hefur verið af Rannís. Samkvæmt frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 4. grein, virðist eiga að leggja niður þessa úthlutunarnefnd en í staðinn skipi menntamálaráðherra fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs. Sú stjórn skipi eftirtaldir: Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar, fjórir einstaklingar sem hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og fimm til vara. Samkvæmt þessari skipan er vissulega hætt við að við úthlutun fari að koma aftur pólitísk og annarleg sjónarmið enda þótt ekki verði fullyrt þar um. Hins vegar hefur reynslan af núverandi uppbyggingu Rannís og matsferli umsókna gefist það vel að óþarfi sé að varpa því fyrir róða. Með þessari nýju skipan verða úthlutunaraðilar sem sé ráðherraskipaðir en ekki endilega valdir á faglegum grunni. Þetta er sérstaklega áhyggjuefni í ljósi þess að ekki virðist möguleiki á endurskoðun eða áfrýjun á niðurstöðu skv. 4. gr. þar sem segir „Ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs um styrkveitingar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnarsýslukæru”.

Varðandi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir þingskjal 857 leggur Vísindaráð LSH til að 2. liður 3. gr. um tekjur Rannsóknasjóðs verði felld niður en í núverandi frumvarpi er gert ráð fyrir samkvæmt þeirri grein að tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslum af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins renni til Rannsóknasjóðs. Í athugasemdum um þessa 3. grein er sagt að varðandi einkaleyfi sé átt við tilvik þegar svo háttar til að styrkþegi Rannsóknasjóðs telur ástæðu til að vernda niðurstöður verkefnis með einkaleyfi og þetta sé gert til að gæta hagsmuna Rannsóknasjóðs vegna þátttöku í fjármögnun verkefna sem gefa af sér tekjur í framhaldi af því að einkaleyfið sé veitt. Vísindaráð telur að þetta ákvæði sé mjög varhugavert og leiði hugsanlega til misskilnings og deilna og gæti vissulega leitt til að fæla frá góðar umsóknir til Rannsóknasjóðs. Jafnframt viljum við benda á að styrkir Rannsóknasjóðs koma aldrei til nema að vera hluti af rannsóknarkostnaði og því sé vandséð hvernig unnt verði að reikna út hlutdeild Rannsóknasjóðs í þessu sambandi.

Vísindaráð LSH vill einnig leggja áherslu á í sambandi við Rannsóknarnámssjóð að tryggja verði að unnt sé að styrkja rannsóknatengt framhaldsnám Íslendinga við erlendar stofnanir þegar vinnan sé unnin á Íslandi af íslenskum læknum, undir handleiðslu Íslendinga en tengt erlendum háskólastofnunum.

Virðingarfyllst,


Sverrir Bergmann formaður
stjórnar læknaáðs LSH

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaáðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími:560 2050 • fax: 560 1957 • netfang:

laknarad@landspitali.is